

RIFF Í KÓPAVOGI

Sérviðburðir og fræðsla í Kópavogi Special events and education in Kópavogur

Sundbío / Swim-in Cinema
Kvikmyndakommúnan / The Film Commune
Bókasafn verður bío / Cinema at the Library
Sérsýning í Gjábakka / Screening in Gjábakki
Dáleiðsla og kvikmyndalist / Hypnosis and Filmmaking
Pólskar hreyfimyndir / Polish Animation
Sýning á Humarsúpa innifalin / Screening: Lobster Soup Included
Pólsk kvikmynda- og myndlist / Polish Cine Art
Kvikmyndatónleikar / Film Concert
Stuttmyndanámskeið / Short Film Workshop
Einnar mínútu myndanámskeið / One Minute Film Workshop

Dagskrá í hnotskurn / Program in brief

27. september kl. 14

Sundbío fyrir börn og fjölskyldur

Sundlaug Kópavogs

Miðaverð: 800 kr

Ókeypis fyrir börn yngri en 10 ára

28. september kl. 15

Sérsýning í Gjábakka // Screening in Gjábakki

Gjábakki, Kópavogi

29. september kl. 20

Dáleiðsla og kvikmyndalist / Hypnosis and filmmaking

Gerðarsafn

Miðaverð: 1.500 kr

30. september kl. 17 - 18:30

Pólskar hreyfimyndir / Polish Animation

Gerðarsafn

Aðgangur ókeypis

30. september kl. 20

Humarsúpa innifalin / Lobster Soup Included

Molinn, Hábraut 2, Kópavogi

Aðgangur ókeypis

2. október kl. 16

Pólsk kvikmynda- og myndlist // Polish Cine Art

Gerðarsafn

Aðgangur ókeypis

2. október kl. 20

Kvikmyndatónleikar: Kvöldstund með Woody Allen

Salurinn

Miðaverð: 3.900 kr

27. september kl. 14:00-18:00

Smiðja: Kvikmyndakommúnan / Workshop: The Film Commune

Molinn, Hábraut 2, Kópavogi

Aðgangur ókeypis / FREE

14. - 16. september kl. 9 - 12 (eftir hádegi vinna þau að myndunum, lokað námskeið fyrir 6. og 9. bekk)

Stuttmyndanámskeið

Molinn, Hábraut 2, Kópavogi

28. september kl. 10 og kl. 13 (lokað námskeið fyrir 5. bekk)

Einnar mínútu myndanámskeið

Bókasafn Kópavogs, Hamraborg 6A

Bókasafn verður BÍÓ / Cinema at the Library

Bókasafn Kópavogs, Hamraborg 6A

Einnar mínútu myndir

Molinn, Hábraut 2, Kópavogi

Ítarleg dagskrá / Program in details

Sundbío fyrir börn og fjölskyldur

27. september kl. 14

Sundlaug Kópavogs

Miðaverð: 800 kr

Ókeypis fyrir börn yngri en 10 ára

Skemmtilegt sundbío með tilheyrandi stuði fyrir börn og fjölskyldur. Farið er inn í heim Múmínálfanna en kvikmyndin Múmínálfarnir og halastjarnan verður sýnd, með íslensku tali, við ylvolga og grunna sundlaug. Gestir fá kynningu á múmínálfunum fyrir kvikmyndasýninguna. Ókeypis drykkir í boði á bakkanum og tilheyrandi sundpartístemning.

Swim-in Cinema for children and families where the Moomin Valley will come to life in a swimming pool. The film Moomins and the Comet Chase will be screened in Icelandic nearby a thermal pool. Guests will get education on the Moomins before the screening. Free drinks for guests.

Sérsýning í Gjábakka // Screening in Gjábakki

28. september kl. 15

Gjábakki, Kópavogi

Ólafur Björn Guðmundsson orti ástarljóð til konu sinnar, Elínar Maríusdóttur á 60 ára tímabili. Eftir að þau bæði féllu frá samdi barnabarn þeirra, Anna María Björnsdóttir, tónlist við þessi ástarljóð og gaf út á plötunni “Hver stund með þér” í byrjun árs 2015 á Íslandi og í Þýskalandi. Heimildarmyndin “Hver stund með þér” er um þeirra ástarsögu en rætt er við börn, barnabörn, ættingja og vini Ólafs og Elínar og þeirra sýn fengin á samband þeirra, hvernig þau hlúðu að hvort öðru í hamingjusömu hjónabandi sem entist út ævina. Tónlist Önnu Maríu við ástarljóð afa síns bindur svo myndina saman. Myndinni er leikstýrt af Sigríði Þóru Ásgeirsdóttur. Að sýningu lokinni ræða kvikmyndagerðarmenn við gesti og lifandi tónlist verður leikin af Önnu Maríu og Svavari Knúti.

Ólafur Björn Guðmundsson wrote love poems to his wife, Elín Maríusdóttir, for over 60 years. After they both passed away their granddaughter, Anna María Björnsdóttir, wrote music to these love poems and released on the album “Hver stund með þér”(e. Each Moment With You) in 2015 in Iceland and in Germany. The documentary film “Hver stund með þér” is about their love story. We get their family members and friends’s vision on their relationship, how they nurtured each other in a happy marriage that lasted a lifetime. Anna María’s music ties the film together. Special screening of this documentary (directed by Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir) followed with Q&A with filmmakers and concert after the screening.

Dáleiðsla og kvikmyndalist / Hypnosis and filmmaking

29. september kl. 20

Gerðarsafn

Miðaverð: 1.500 kr

Franski dávaldurinn og kvikmyndagerðarmaðurinn Gurwann Tran Van Gie var valinn sem listamaður hins árlega samstarfs á milli þriggja hátíða: RIFF, Hors Pistes hátíðarinnar í París og Air d'Islande. Hann sýnir nýjasta kvikmyndaverkefni sitt Honest Experience og verður með hópdáleiðslu við tónlist að kvikmyndasýningu lokinni. Um er að ræða einstakan viðburð þar sem kvikmyndalist og dáleiðsla fer saman. Sýningin fór fyrst fram á hinu víðfræga Pompidou-safni í París í janúar og er nú sýnd á RIFF. Honest Experience er tilraunakennd mynd sem fjallar um heilindi. Hún birtir fjóra einstaklinga sem eru dáleiddir af Gurwann sem spyr út í sannleikann um það sem knýr þá áfram til þess að skapa og hafa áhrif.

The french hypnotherapist and filmmaker Gurwann Tran Van Gie is this year's artist of annual collaboration between three festivals: RIFF, Hors Pistes and Air d'Islande. This unique event combines a screening of Gurwanns' newest film Honest Experience and a group hypnosis session with music. The film shows 4 persons in a state of partial hypnotic trance. The person are chosen for heir unique approach to their craft. They are asked questions about the truths that guide them.

Pólskar hreyfimyndir / Polish Animation

30. september kl. 17 - 18:30

Gerðarsafn

Aðgangur ókeypis

Culture.pl og RIFF kynna pólskar hreyfimyndir. Wojtek Wawszczyk og Zofia Ścisłowska frá Polish Animation Association kynna pólsk verk á sviði hreyfimynda og tæknibrella. Um er að ræða kynningu og sýningu á fjórum pólskum hreyfimyndum; Ziegenort, Hipopotamy, The Lost Town of Switez og Chick. Viðburðurinn er haldinn í samstarfi við Adam Mickiewicz Institute í Póllandi.

Culture.pl og RIFF presents an event about polish animation. Wojtek Wawszczyk og Zofia Ścisłowska give presentation of the works of the Polish Animation Association, both artistic and commercial ones included for example animation movies and special effects. The event is presentation and screening of four animation films; Ziegenort, Hipopotamy, The Lost Town of Switez and Chick. The event is held in co-operation with Adam Mickiewicz Institute in Poland.

Humarsúpa innifalin / Lobster Soup Included

30. september kl. 20

Molinn, Hábraut 2, Kópavogi

Aðgangur ókeypis

Sérsýning á íslensku gamanheimildarmyndinni Humarsúpa innifalin sem fylgir skemmtikraftinum Þorsteini Guðmundssyni eftir á ferðalagi hans frá Reykjavík til Hríseyjar. Að sýningu lokinni ræðir leikstjóri myndarinnar Styrmir Sigurðsson og uppistandarinn sjálfur, Þorsteinn Guðmundsson, um myndina við áhorfendur.

Special screening of the Icelandic documentary/comedy special where we follow Icelandic comedian Þorsteinn Guðmundsson travelling from Reykjavik to Hrísey. Q&A with director, Styrmir Sigurðsson, and the comedian after the screening.

Pólsk kvikmynda- og myndlist // Polish Cine Art

2. október kl. 16-19

Gerðarsafn

Aðgangur ókeypis

Culture.pl og RIFF kynna viðburð um pólska kvikmynda- og myndlist. Höfundar nýju bókarinnar Polish Cine Art, þau Jakub Majmurek og Łukasz Ronduda, fjalla um notkun pólskra myndlistarmanna á kvikmyndamiðlinum. Kvikmyndin The Performer (2015) í leikstjórn Maciej Sobieszczanski og Łukasz Ronduda, sem fjallað er um í bókinni, verður sýnd kl. 16 og að sýningu lokinni taka við umræður með höfundum Polish Cine Art. The Performer veitir innsýn í heim nútímalistar og byggir á lífi gjörningalistamannsins Oskar Dawicki, sem leikur sjálfan sig. The Performer er í raun listasýning í formi kvikmyndar.

Culture.pl og RIFF presents a screening of The Performer (2015), a film by Maciej Sobieszczanski and Łukasz Ronduda. The Performer is an art exhibition in the form of a feature film based on the life of performance artist Oskar Dawicki, who plays himself. The screening is followed by a talk by the

editors of the new book Polish Cine Art, Jakub Majmurek and Łukasz Ronduda. They discuss a new phenomenon occurring on the territory shared by Polish cinema and contemporary art.

Kvikmyndatónleikar: Kvöldstund með Woody Allen

2. október kl. 20

Salurinn

Miðaverð: 3.900 kr

Miðasala á www.midi.is og www.salurinn.is

Kvikmyndir Woody Allen eru mörgum hugfangnar. Kvikmyndir hans snerta marga sem hafa áhuga á hinum margflóknu brestum mannsins og mannlegum samskiptum. Það sem einkennir einnig myndir Allen er tónlistin, sem spilar mjög stórt hlutverk í þeim öllum. Tónlistin sem er í miklum meirihluta Jazz frá fimmta til sjöunda áratugarins, er Woody hjartfólgin. Kvikmyndirnar eru uppfullar af músík og varla líður sú mínúta sem ekki er tónlist sem skreytir samtöl leikarana. Á tónleikunum Kvöldstund með Woody Allen mun Jazzkvintettinn Bananas, leika lög úr mörgum myndum Woody Allen og leikkonan Edda Björg Eyjólfsdóttir fer með okkur í gegnum kvikmyndasögu leikstjórans á lifandi hátt, svo áhorfendur geti rifjað upp kynni sín af persónum og leikendum Allens. Frá Radio Days til Manhattan, og systur Hönnu til Annie Hall munu tónar óma um Salinn í Kópavogi.

Jazzkvintettinn Bananas.

Haukur Gröndal, saxófónn og klarinett.

Ásgeir Ásgeirsson, gítar.

Gunnar Gunnarsson, píanó.

Þorgrímur Jónsson, kontrabassi.

Hannes Friðbjarnarson, trommur.

Sérstakur gestur og sögumaður:

Edda Björg Eyjólfsdóttir, leikkona

The films of Woody Allen are highly appreciated by people all over the world. His movies touch all of those who take interest in the complicated complexes of the human mind, and in those who enjoy heartfelt and intellectual communications. The music in Allen's filmography play a big part in his moviemaking. The soundtracks include romantic Jazz standards from the early forties to the cool and chic jazz tunes from the sixties, and everything in between. His movies are filled with tunes and they give the stories and the scripts a special vibe and they frame perfectly the dialect of every scene. The event A night with Woody Allen, the Jazz quintet Bananas perform tunes from the Woody Allen repertoire with a entertaining historical education on Allen's films and characters. From Radio Days to Manhattan, from Hannah's sisters and Annie Hall. The tunes will be brought to life in Salurinn, Kópavogi.

Bananas are:

Haukur Gröndal, saxophones, and clarinettes

Ásgeir Ásgeirsson, guitar.

Gunnar Gunnarsson, piano.

Þorgrímur Jónsson, Bass.

Hannes Friðbjarnarson, Drums.

Special guest and host

Actress Edda Björg Eyjólfsdóttir

Smíðja: Kvikmyndakommúnan / Workshop: The Film Commune

27. september kl. 14:00-18:00

Molinn, Hátúni 2, Kópavogi

Aðgangur ókeypis / FREE

Kvikmyndakommúnan býður upp á opna kennslustund og kynningu á starfi sínu. Um er að ræða nýstofnað samfélag upprennandi kvikmyndagerðarmanna sem veitir ókeypis menntun og hvatningu. Lára Marteinsdóttir, kvikmyndagerðarmaður, kennir.

Open lesson at the Film Commune, a new community for aspiring filmmakers. Filmmaker Lára Marteinsdóttir will supervise the lesson.

Stuttmyndanámskeið

14. til 16. september

Molinn

RIFF leggur áherslu á kvikmyndakennslu barna í sínu starfi. Í ár býðst Kópavogi að senda nemendur í 6. og 9. bekk á metnaðarfullt stuttmyndanámskeið sem lýkur með frumsýningu á RIFF.

Einnar mínútu myndanámskeið

28. september allan daginn

Bókasafn Kópavogs, Hamraborg 6A

Í Kópavogi gefst krökkum tækifæri á að læra einnar mínútu myndagerð. Viktoría Guðnadóttir sér um að leiðbeina krökkum í gerð örmyndanna. UNICEF verður með mannréttindafræðslu á námskeiðinu. Námskeiðið er haldið í samstarfi við One Minutes Jr og UNICEF.

In Kópavogur we are having a One minute course for kids were Viktoría Gudnadottir will teach the kids how to make a one minute film. For inspiration, UNICEF will talk about human rights. The course is held in collaboration with One Minutes Jr og UNICEF.

RIFF Around Town

Bókasafn verður bío

Boðið verður upp á ókeypis kvikmyndasýningar á Bóksafni Kópavogs. Um er að ræða fjölbreyttar sýningar á stuttmyndum, allt frá einnar mínútu myndum til erlendra stuttmynda fyrir fullorðna til barnasýninga þar sem leikari leiðir áhorfendur í gegnum myndirnar á lifandi hátt.

Dagskráin er eftirfarandi:

Erlendar stuttmyndir / International Short Films

25. sept kl. 17 - 18:40

30. sept og 1. okt kl. 17 - 18:40

3. okt kl. 15 - 16:40

Einnar mínútu myndir / One Minute Films

25. sept, 30. sept og 1. okt kl. 15:30 - 16:40

Alþjóðlegar stuttmyndir fyrir börn / Short Films for Children

Leikari kynnir myndirnar

(aldur/age 4+) 26. sept kl. 13 - 14

(aldur/age 10+) 26. sept kl. 14:30 - 15:30